

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 04/2023.

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 05. desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærði X hafi gerst brotlegur við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 27. maí 2022 kom í ljós að French Bulldog tíkin A var ekki með gilt PL vottorð fyrir þörun. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er X.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram :

FRENCH BULLDOG Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 31.janúar 2023 og honum gefinn fjögurra vikna andmælafrestur. Kærði svaraði ekki efnislega. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað French bulldog tíkina A án þess að hafa PL vottorð.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotlegur við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Sunna B. Helgadóttir

Sunna Birna Helgadóttir

Selma Olsen

Selma Olsen